



Rangárþing eystra

Erindisbréf

Heilsu-, íþróttá- og æskulýðsnefnd Rangárþings eystra

Umboð og markmið

1. gr.

Heilsu-, íþróttá- og æskulýðsnefnd er skipuð af sveitarstjórn Rangárþings eystra og fer hún í umboði sveitarstjórnar með þau mál sem henni eru falin eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

Allar afgreiðslur nefndarinnar eru tillögur til sveitarstjórnar nema nefndinni hafi sérstaklega verið falið fullnaðarvald til ákvörðunartöku í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

2. gr.

Nefndin fer með verkefni á sviði heilsueflingar-, íþróttá-, æskulýðs- og forvarnarmála auk þeirra verkefna sem sveitarstjórn felur henni á málefnavið nefndarinnar.

Hlutverk

3. gr.

Nefndin fer með lögbundin verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir hana heyra. Um er að ræða m.a. verkefni sem falla undir æskulýðslög nr. 5/2007,

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

1. fylgjast með heilsu-, íþróttá og æskulýðsstarfsemi í sveitarféluginu, móta stefnu í málaflokknum og vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn um málaflokkinn,
2. veita umsagnir til sveitarstjórnar um heilsu-, íþróttá- og æskulýðsmál, tillögur að gjaldskrám og ráðningu forstöðumanna stofnana innan starfssviðs síns,
3. gera tillögur til sveitarstjórnar um starfsreglur fyrir þær stofnanir sem falla undir starfssvið nefndarinnar,
4. gera tillögur um styrkveitingar til einstakra verkefna, félaga, deilda eða einstaklinga á grundvelli sérstaks umboðs sem sveitarstjórn veitir hverju sinni,
5. hafa forgöngu um könnun á húsnæðisþörf til íþróttá- og æskulýðstarfssemi og stuðla að aukinni fjölbreytni í þessum málum fyrir íbúa sveitarfélagsins,
6. fylgjast með og gera tillögur um endurbætur á leiksvæðum, leiktækjum, útiæfingasvæðum og aðstöðu til almennrar íþróttaiðkunar í sveitarféluginu,



Rangárþing eystra

7. vera tengiliður hinna ýmsu félagasamtaka sem vinna að heilsueflingar-, íþróttá- og æskulýðsmálum og leitast við að samræma störf þeirra á þann veg að óeðlileg samkeppni skapist ekki,
8. efla æskulýðs- og íþróttastarf sem og starfsemi sem snýr að heilsueflingu í sveitarfélaginu og hafa um það samstarf við félög og aðila sem starfa á því sviði,
9. vinna að fræðslu og forvarnarmálum, í samstarfi við skóla, heilbrigðis- og félagsmálayfirvöld, lögreglu og aðra aðila,
10. starfar með og leiðbeinir ungmannaráði sveitarfélagsins og fær fundargerðir ráðsins til kynningar auk þess sem formaður heilsu-, íþróttá- og æskulýðsnefndar er heimilt að sitja fundi ungmannaráðs,
11. fara að öðru leyti með verkefni á sviði heilsueflingar, íþróttá- og æskulýðsmála sem nefndinni er falið af sveitarstjórn eða samkvæmt lögum.

4. gr.

Heilsu-, íþróttá- og æskulýðsnefnd setur fram, ef ástæða er til, ábendingar um ný rekstrar- og framkvæmdaverkefni á sínu sviði fyrir gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Nefndin skal fá til umsagnar við gerð fjárhagsáætlunar tillögur frá forstöðumönnum stofnana um allar stærri framkvæmdir sem tengjast hennar verksviði og fjalla um rekstraráætlanir þeirra við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

5. gr.

Umsjónarmaður/menn íþróttamannvirkja hafa samstarf og samráð við heilsu-, íþróttá- og æskulýðsnefnd og bera ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd eftir því sem við á í samráði við sveitarstjóra. Heilsu-, íþróttá- og æskulýðsnefnd getur boðið umsjónarmönnum íþróttamannvirkja að sitja fundi nefndarinnar með málfrælsi og tillögurétt.

Nefndin getur á sama hátt boðið forstöðumönnum í annarri æskulýðsstarfsemi Rangárþings eystra að sitja fundi nefndarinnar með málfrælsi og tillögurétt.

Umsjónarmaður/menn íþróttamannvirkja hafa umsjón með rekstri æskulýðs- og íþróttamannvirkja eins og við á í samræmi við verksvið þeirra og verkaskiptingu skv. gildandi starfslýsingum og skipuriti Rangárþings eystra hverju sinni. Í samræmi við fjárhagsáætlanir og stöðuheimildir annast umsjónarmenn ráðningu starfsfólks á grundvelli reglna þar um. Skulu ráðningar kynntar í heilsu- íþróttá- og æskulýðsnefnd.

Skipan nefndar og málsmeðferð

6. gr.

Heilsu-, íþróttá- og æskulýðsnefnd er skipuð sjö fulltrúum og jafn mörgum til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar. Í upphafi hvers kjörtímabils kýs sveitarstjórn formann en á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör varaformanns og ritara sé hann ekki jafnframt starsmaður nefndarinnar.



Rangárþing eystra

Framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn, en nær ekki kjöri í heilsu-, íþróttu- og æskulýðsnefnd, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndarinnar með málfrelsi- og tillögurétt.

Málsmeðferð nefndarinnar skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlag, stjórnsýslulaga, samþykktar um stjórn Rangárþings eystra, siðareglna fyrir kjörna fulltrúa Rangárþings eystra og góða stjórnsýsluvenju.

7. gr.

Formaður nefndarinnar boðar fundi nefndarinnar og nýtur við það aðstoðar skrifstofu sveitarfélagsins eða starfsmanns nefndarinnar. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í nefndinni óskar þess. Fjöldi nefndarfunda fer eftir fjárhagsáætlun og fundadagatali sveitarfélagsins.

Formaður heilsu-, íþróttu- og æskulýðsnefndar stýrir fundum nefndarinnar. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Nefndin getur enga ályktun gert nema meirihluti nefndarmanna sitji fund. Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Ákvarðanir nefndarinnar taka formlega gildi við staðfestingu sveitarstjórnar. Nefndin skal vinna á grundvelli þeirra almennu markmiða sem sveitarstjórn setur hverju sinni.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins, fundarstað og tíma. Að jafnaði skal boðað til funda með rafrænu fundarboði og því skal fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar heilsu-, íþróttu- og æskulýðsnefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmti en aldrei síðar en sólarhring fyrir fund.

8. gr.

Heilsu-, íþróttu- og æskulýðsnefnd kemur saman fyrir luktum dyrum. Nefndinni er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Heimilt er að notast við fjarfundabúnað á fundum nefndarinnar í samræmi við 14. gr. samþykktar um stjórn og fundarskóp sveitarfélagsins og leiðbeininga ráðuneytis sveitarstjórnarmála og á það einnig við um áheyrnarfulltrúa nefndarinnar.

Fundarboð og fundargerðir nefnda skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi t.d. One system og skal starfsmaður viðkomandi nefndar bera ábyrgð á eftirfylgni þess. Fundargerðum kemur starfsmaður strax að fundi loknum til sveitarstjóra sem sér um að hún sé lögð fram á næsta sveitarstjórnarfundar til kynningar og birt á vefsíðu sveitarfélagsins.

Um ritun fundargerða fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn og fundarskóp sveitarfélagsins og leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

9. gr.

Fundargerðir nefndarinnar eru tölvuskráðar skv. gildandi reglum sem sveitarstjórn setur. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar og samþykktir og ályktanir nefndarinnar skulu skráðar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina. Ef notast er við rafræna undirskrift skulu allir nefndarmenn



undirrita fundargerð með slíkum hætti svo einungis eitt afrit af fundargerðinni verði staðfest. Fylgja þarf skilyrðum laga um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001 við slíkar undirritanir.

Skrifstofa Rangárþings eystra í samráði við formann nefndarinnar sér um að afrit af fundargerðum nefndarinnar séu send nefndarmönnum, varamönnum, sveitarstjórn og þeim sem hafa seturétt á fundum nefndarinnar.

Fundargerðir sem innihalda ályktanir eða tillögur sem þarfust staðfestingar sveitarstjórnar eru tekna fyrir sem sérstök mál og afgreidd á fundi sveitarstjórnar með formlegum hætti. Ef fundargerðir nefndarinnar innihalda ekki slíkar ályktanir eru þær lagðar fram til kynningar í sveitarstjórn.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

10. gr.

Um réttindi og skyldur fulltrúa í heilsu-, íþróttu- og æskulýðsnefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Rangárþings eystra, eftir atvikum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann eða starfsmann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Heilsu-, íþróttu- og æskulýðsnefnd er aðeins starfhæf á fundum og skulu nefndarmenn einungis hlutast til um málefni sem eru þar til umfjöllunar nema umboð hafi verið veitt fyrir öðru.

11. gr.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til nefndarformanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

12. gr.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni og eru atkvæðisbærir fundarmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Rangárþings eystra í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn skulu gaeta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmunu samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó fulltrúi láti af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um áheyrnarfulltrúa og aðra fundarmenn nefndarinnar.

13. gr.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti.

Starfsfólk sveitarfélagsins



14. gr.

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi er starfsmaður nefndarinnar eftir því sem við á og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi tilnefnir staðgengil sinn. Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi og sveitarstjóri hafa málfrælsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar. Heimilt er að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann sem tengist málum sem er til umfjöllunar hverju sinni.

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi annast undirbúning nefndarfunda í samráði við formann nefndarinnar. Formaður nefndarinnar, eða varaformaður í forföllum hans, ásamt starfsmanni nefndarinnar boða eða láta boða fundi í nefndinni með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Skal dagskrá fylgja fundarboði. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er nefndinni berast skulu skráð í málaskrá sveitarfélagsins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Að fundi loknum skal á sama hátt, skrá afgreiðslu mála í málaskrá.

15. gr.

Formaður og aðrir fulltrúar heilsu-, íþróttá- og æskulýðsnefndar skulu snúa sér til starfsmanns nefndarinnar eða sveitarstjóra eftir því sem við á til að fylgja eftir staðfestum samþykktum nefndarinnar.

Fulltrúar heilsu-, íþróttá- og æskulýðsnefndar hafa ekki boðvald yfir starfsfólk sveitarfélagsins.

Gildistaka

16. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011 með síðari breytingum,, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarskóp Rangárþings eystra.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings eystra 13. desember 2022.

Anton Kári Halldórsson



Sveitarstjóri

Sveitarstjóri Rangárþings eystra